

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 29.11.2022

Varðar: Umsögn STEFs um drög að frumvarpi til laga um um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, nr. 110/2016 (framlenging á gildistíma o.fl.), 442. mál.

STEF hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar en það er samhljóða því frumvarpi sem kynnt var í samráðsgátt stjórnarráðsins. STEF sendi inn umsögn í samráðsgáttina og er umsögn þessi því óbreytt fyrri umsögn.

Meginefni frumvarpsins er að framlengja möguleikann á endurgreiðslum vegna hljóðritunar á tónlist svo og að auðvelda þjónustuaðilum að sækja um endurgreiðslur fyrir hönd erlendra útgefenda.

STEF fagnar fyrst og fremst því að úrræðið skuli framlengt en eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu hefur árangur þess verið mjög góður. Þessari breytingu. Þá styðja frumvarpsdrögin einnig við að fá hingað til lands erlenda aðila sem vilja taka hér upp tónlist.

STEF vill enn fremur nota tækifærið og minnst á að mikilvægt er einnig að endurskoða endurgreiðsluhlutfallið sem í dag er 25% en þyrfti að hækka í 35% til að mynda nægilegan hvata til erlendra aðila að koma til landsins til að taka upp tónlist. Þá myndi slík hækkun á endurgreiðsluhlutfalli einnig hafa hvetjandi áhrif á innlenda aðila til að nýta sér þetta úrræði í enn meira mæli en verið hefur.

Virðingarfyllt
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri